

Ed.

676. Þingsályktun

um rannsókn á rafveituskilyrðum í Mývatnssveit.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kunnáttumenn, sem eru í þjónustu ríkisins, rannsaka á næsta ári kostnað við að leiða rafmagn frá Laxárvirkjuninni eftir Laxárdal til allra bæja í Laxárdal og Mývatnssveit og leggja skýrslu um málið fyrir Alþingi.